

VSÓ RÁÐGJÖF



**Öryggis-, heilbrigðis- og
umhverfisráðgjöf**



Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisráðgjöf

Hjá VSÓ Ráðgjöf starfa sérfræðingar með mikla reynslu og þekkingu á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum. Sarfsfólk VSÓ Ráðgjafar hefur sérhæft sig í að aðstoða atvinnurekendur við að uppfylla skilyrði sem þeim eru sett með lögum og reglum á þessu sviði. Við hjá VSÓ Ráðgjöf erum ávallt reiðubúin til að vera atvinnurekendum, fulltrúum þeirra og launafólki til ráðuneytis og ráðgjafar við að skapa sem öruggast og heilsu-samlegast vinnuumhverfi.

Þjónusta VSÓ Ráðgjafar á sviði öryggis-, heilbrigðis-, umhverfismála nær yfir:

- Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisstjórnunarkerfi
- Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfiseftirlit
- Öryggis- og heilbrigðisáætlanir
- Áhættumat og áhættugreiningar
- Öryggis- og starfsmannahandbækur
- Námskeið og fræðsluerindi

VSÓ Ráðgjöf hefur hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins sem þjónustuaðili með áherslu á öryggi, slyshættu og efnamengun á vinnustöðum.

Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisstjórnunarkerfi

Uppbygging stjórnunarkerfa samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Staðlarnir eru:

- ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi innan fyrirtækja.
- OHSAS 18001 öryggis- og heilbrigðisstjórnunarkerfi, stjórnun á öryggis- og heilbrigðismálum í vinnuumhverfi fyrirtækja.

Stjórnunarkerfið er hægt að samþætta kröfum beggja staðla og kröfum gæðastjórnunarstaðalsins ISO 9001. Þannig er mögulegt að byggja upp heilstætt kerfi sem tekur á öryggis-, heilbrigðis-, umhverfis- og gæðastjórnun. Staðlarnir mæta síukinni þörf fyrirtækja fyrir mat og vottun á stjórnunarkerfum sínum.

Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfiseftirlit

Starfsmenn VSÓ Ráðgjafar sjá um öryggis-, heilbrigðis- og umhverfiseftirlit í fjölmörgum stórfamkvæmdum. Árangur af eftirliti hefur ávallt mælst í færri óhöppum og slysum á verkstað, bættri umgengni um verkswæði og aukinni meðvitund starfsmanna um eigið öryggi og þær hættur sem leynast á vinnustað.

Samhliða eftirliti á framkvæmdasvæðum er VSÓ Ráðgjöf verktökum, verkkaupum og almennum starfsmönnum innan handar við lausn vandamála er varða umhverfismál, öryggi og heilsu starfsmanna.

Öryggis- og heilbrigðisáætlanir

VSÓ Ráðgjöf þjónustar atvinnurekendur með því að aðstoða við gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana og rýna þær. Þessi sérfræðiþjónusta VSÓ Ráðgjafar byggir á færni sem sjaldnast er til staðar á almennum vinnustöðum.

Vinnuverndarlögin skylda atvinnurekendur til að gera skriflega áætlun um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Áhættumat og áhættugreiningar

Vinnuverndarlögin leggja þá ábyrgð á atvinnurekanda að sjá til þess að gert sé sérstakt áhættumat þar sem áhætta í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi skal metin. VSÓ Ráðgjöf hefur viðamikla reynslu af gerð og rýni áhættugreininga með tilliti til öryggis- og heilbrigðismála.



Öryggis- og starfsmannahandbækur

Öryggis- og starfsmannahandbækur eru sniðnar að þörfum atvinnurekanda, vinnustaðar og þess hóps starfsmanna sem ætlað er að nýta sér handbókina.

VSÓ Ráðgjöf gerir einnig veggspjöld fyrir vinnustaði þar sem dregnir eru út áherslupættir á sviði öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismála.

Námskeið og starfsmannafræðsla

Námskeið og fræðsluerindi er órjúfanlegur hluti af þjónustu VSÓ Ráðgjafar á sviði öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisráðgjafar. Námskeið og fræðsluerindi geta bæði verið almenn og/eða sérhæfð.

VSÓ Ráðgjöf býður atvinnurekendum upp á að heimsækja vinnustaði og flytja þar fræðsluerindi eða halda lengri námskeið allt eftir þörfum hverju sinni. Við aðstoðum við að meta þörfina fyrir starfsmannafræðslu og velja efni sem hæfir hverjum vinnustað.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, fax: 585 9010, netfang: vso@vso.is, heimasíða: www.vso.is



Um fyrirtækið

VSÓ Ráðgjöf ehf. var stofnað árið 1958. Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á síðari árum hefur verið lagt út á nýjar brautir í þjónustu til að mæta auknum þörfum viðskiptavina. Árið 1996 hóf VSÓ að veita öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisráðgjöf og hefur sá þáttur farið vaxandi með hverju árinu.

Upplýsingar um starfsemi VSÓ Ráðgjafar má finna á heimasíðu okkar www.vso.is